

SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ársreikningur
2023

SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda
Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi
kt. 620976-0169

SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra	a-e
Áritun óháðs endurskoðanda og félagskjörins skoðunarmanns	2-3
Skýrsla og áritun stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Skýrsla framkvæmdastjóra

1.0 Lagagrundvöllur SFH

Tilgangur með stofnun Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var að innheimta þóknun fyrir hönd flytjendur og framleiðendur tónlistar vegna opinberrar spilunar tónlistar af útgefnum hljóðritum. Var hér um að ræða notkun tónlistar í útvarps- og sjónvarpsstöðvum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum og líkamsræktarstöðvum.

SFH semur beint við útvarps- og sjónvarpsstöðvar, en í gildi er verðskrá fyrir flutning af hljóðritum utan útvarps, en STEF hefur frá upphafi haft umsjón með innheimtu þóknunar fyrir SFH samkvæmt sérstöku samkomulagi.

SFH er aðili og einn að þremur stofnendum að IHM, innheimtusamtökum rétthafa og fær hlutdeild af bótum sem renna til rétthafasamtaka höfunda, flytjenda og framleiðenda vegna eintakagerðar til einkanota og vegna endurvarps í sjónvarpi, en það er einkum endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva.

SFH er einnig ásamt STEFi stofnandi SAMTÓNs, sem er samstarfsvettvangur tónlistarrétthafa og annast m.a. Dag íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunin. Fulltrúar FÍH og FHF í stjórn SFH eiga einnig sæti í Tónlitarmiðstöðinni.

2.0 50 ára afmæli SFH. Kvöldverður þann 30. júní 2023

Eins og kunnugt er var SFH stofnað þann 3. mars 1973 sem sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda með heimild í 47. grein þágildandi höfundalaga. Af því tilefni var stjórnarmönnum ásamt mökum boðið til hátíðarkvöldverðar að Hótel Holti þann 30. júní 2023 sem tókst í alla staði mjög vel.

3.0 Núverandi stjórn

Stjórnarmenn SFH eru kjörnir til tveggja ára. Á aðalfundi SFH í júní 2023 voru eftirtalin kjörin í stjórn:

Formaður var kjörinn Ásmundur Jónsson og varaformaður Gunnar Hrafnsson.

Meðstjórnendur voru kjörnir :

Flytjendadeild

Róbert Þórhallsson (FÍH)
Hrafnhildur Theodórsdóttir (FÍL)

Framleiðendadeild (FHF)

Sölvi Blöndal
Haraldur Leví Gunnarsson

Á aðalfundinum 2023 var jafnframt Björn Th. Árnason kjörinn félagskjörinn skoðunarmaður reikninga og Einar Hafliði Einarsson, löggiltur endurskoðandi, kjörin endurskoðandi samtakanna.

Framkvæmdastjóri samtakanna er Gunnar Guðmundsson.

4.0 Fjárhagur 2022

Heildartekjur hafa aukist milli ára. Tekjur útvarpsstöðva eru svipaðar milli ára, en tekjur vegna opinbers flutnings utan útvarps hafa aukist.

Viðræður hafa staðið yfir við RÚV um nýjan samning og er þess vænst að samningar náist síðar á árinu.

5.0 Beiðni SFH um viðurkenningu menningar- og viðskiptaráðuneytisins á starfsemi SFH.

Á starfsárinu var mikil vinna lögð í það með starfsmönnum menningar- og viðskiptaráðuneytisins að aðlaga samþykktir og úthlutunarreglur SFH lögum nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslustofnun höfundarréttar. Allviðamiklar breytingar voru í báðum tilvikum samþykktar á síðasta aðalfundi SFH á þessu regluverki, en á þeim fundi var farið mjög vandlega yfir allar tillögur til breytinga í þessa verur sem lágu fyrir fundinum. Töldu fulltrúar SFH að málið væri komið í höfn eftir fund með ráðuneytinu þann 3.10. 2023, en þá voru teknir saman minnisþingir um stöðuna gagnvart ráðuneytinu.

Mikil og nán samvinnu við ráðuneyti hefur staðið nær óslitið frá ársbyrjun 2023. Mikil samskipti áttu sér stað með tölvupóstum og þremur sameiginlegum fundum, í janúar og mars og loks þann 3.10.

Skýrsla framkvæmdastjóra

2023

Samantekt á þeim meginatriðum sem unnið var að af hálfu SFH.

- Öll skilyrði ráðuneytis um breytingar á samþykktum og úthlutnarreglum SFH uppfyllt og þær breytingar samþykktar á aðalfundi SFH í júní s.l.
- Ársreikningur 2022 endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, en var það ekki áður.
- Gegnsæisskýrsla, ársreikningar og ársskýrsla birt á heimasíðu SFH
- Listi yfir erlend systursamtök og gagnkvæma samningar við þau birtur á heimasíðu
- Stefnur SFH varðandi fjárfestingar, frádrátt frá réttindatekjum, notkun óráðstafanlegs fjár og áhættustýringu samþykktar á aðalfundi og birtar á heimasíðu
- Listi yfir rétthafa sem finnast ekki birtur á heimasíðu skv. ákvæðum umsýslulaga.
- Rafrænt skráningareyðublað á heimasíðu SFH bætt. Um eitt þúsund flytjendur undirritað rafræna samninga við SFH.
- Míнар síður á heimasíðu betrubættar með mjög nákvæmum upplýsingum um spilun hvers flytjanda í útvarpsstöðvum.
- Einar Hafliði Einarsson ráðinn endurskoðandi SFH. Tvímælalaust sá endurskoðenda í endurskoðun umsýslustofnana hér á landi sem mesta reynslu og þekkingu hefur á þessu sviði. Viðauki við gegnsæisskýrslu unnin af honum og sett á heimasíðu

Með framangreindu taldi SFH sig því uppfylla sínar skuldbindingar og þar með ákvæði um upplýsingagjöf í c-lið (i-vi) viðauka umsýslulaga auka annarra ákvæða laganna og reglugerðar nr. 821/2021.

Var SFH komið lengst innheimtusamtaka við þessa framkvæmd og allt benti því til eins og áður greinir að SFH fengi viðurkenninguna staðfesta fljótlega eftir framangreindan fund í október.

Þann 13.10. 2023 barst SFH hins vegar bréf frá ráðuneytinu með beiðni um upplýsingar um málefni sem á engan hátt tengdist viðurkenningarferlinu.

Var ráðuneytinu svarað með tölvupósti þar sem fram kom að stjórn SFH hefði óskað lögfræðilits um viðbrögð við áður nefndri beiðni. Lögfræðilít tveggja lögmannna lágu fyrir í byrjun árs 2024 og ráðuneytinu var svarað með bréfi dagsett 10. janúar 2024 þar sem vísað var til lögfræðilítanna og enn fremur haldið fram að ráðuneytið hefði farið út fyrir valdheimildir sínar og lagaheimildir umsýslulaga. Beiðin er eftir formlegum svörum ráðuneytis.

6.0 Tilnefning í Höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga

Eins og segir í framangreindu ákvæði höfundalaga skal til ráðuneytis ráðherra um höfundaréttarmál vera nefnd sérfróðra manna á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. SFH hafði tilnefnt Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóra SFH í nefndina, en hann hafði setið þar tilnefndur að SFH um allnokkurt skeið.

Ráðherra skipaði nýlega fulltrúa til setu í nefndinni og var þar hvorki að finna fulltrúa frá flytjendum né framleiðendum. Af þeim sökum sendu formenn FÍL, FÍH og FHF bréf til ráðherra þar sem þessari skipun var mótmælt þar sem þar var ekki að finna neinn sérfræðing flytjenda eða framleiðenda. Sama gerði SÍK, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Formenn FÍH og FHF hittu ráðherra á fundi nýlega og áréttuðu sínar kröfur og er svara að vænta frá ráðherra á næstunni.

7.0 Samstarf við GRAMEX og önnur erlend innheimtusamtök.

Flytjendadeild SFH hefur gert fjölmarga gagnkvæma samninga við erlend systursamtök víðs vegar í heiminum.

Framkvæmdastjórar systursamtaka á Norðurlöndum hittast reglulega, en þau eru: GRAMEX í Danmörku og Finnlandi, GRAMO í Noregi, SAMI í Svíþjóð (flytjendasamtök) og IFPI í Svíþjóð (framleiðendasamtök). Þetta samstarf er mjög mikilvægt, þar sem löggjöf á þessu sviði er nokkuð svipuð á Norðurlöndum. Því er gott að fá á slíkum fundum upplýsingar um framkvæmd og nýmæli í hverju landi.

SFH gerði á sínum tíma samkomulag við GRAMEX, dönsk systursamtök okkar, um að annast útreikning á erlenda hluta úthlutunar, sem byggðist á upplýsingum frá útvarpsstöðvum hérlendis.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Eins og komið hefur fram samdi SFH við bresk systursamtök okkar PPL um að útreikning erlendra réttinda bæði fyrir flytjendadeild og framleiðendadeild, en PPL eru ein stærstu og tæknivæddustu samtök á þessu sviði í heiminum. Samstarfið hefur gengið mjög vel.

Flytjendadeild SFH er með aðild að SCAPR, alþjóðasamtökum flytjendasamtaka sem árlega heldur fulltrúaráðsfundi sem framkvæmdastjóri SFH sækir auk árlegra PRC (Performance Right Committee) funda sem haldnir er fyrir sameiginleg innheimtusamtök flytjenda og framleiðenda á vegum IFPI, alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda

8.0 IHM

8.1. Eintakagerð til einkanota

Fjármálaráðuneytið greiddi ekki út allar þær bætur sem þeim bar þar sem beitt var einhliða niðurskurði, en innheimta IHM er mjög skilmerkilega sundurliðuð í ákvæðum höfundalaga

og slík aðgerð ráðuneytisinn því óheimil. Samkvæmt réttum útreikningi ætti að innheimtast 290 milljónir, en ríkið hefur greitt 243 milljónir. Þarna vanta því 19,3% á heildarfjárhæðina. Þess er vænst að þetta verði leiðrétt, en hugsanlega þarf þá samþykki Alþingis til þess.

8.2. IHM Kapall/endurvarp

Samningar hafa hingað til verið gerðir við Símann hf., SÝN hf. og Nova hf., en viðræður eru í gangi um nýtt samkomulag við fjarskiptafyrirtækin í samstarfi við UBOI sem ráðgert er að færi IHM auknar tekjur.

Á árinu var jafnframt unnið að samkomulagi við UBOI um skiptingu innkomu vegna endurvarps. Erfiðlega gekk að semja við UBOI(og RÚV) um skiptingu tekna, en UBOI hefur sagt upp samningnum við IHM sem tekur gildi um næstu áramót. Viðræður við UBOI munu halda áfram, en sérstök samninganefnd sinnir því verkefni, en hún hefur fengið sér til ráðgjafar Martin Gormsen danskan lögfræðing og sérfræðing á þessu sviði.

Ekki var úthlutað til þeirra félaga sem mynda svokallaðan 20% hóp en sá hópur á eftir að ná samkomulagi sín á milli varðandi úthlutun, en SFH er á meðal rétthafa í þeim hópi..

8.3. Sáttasemjari IHM

Í september s.l. var ágreiningi aðildarsamtaka IHM um skiptingu tekna vegna endurvarps og ólínulegrar notkunar efnis til sérstaks sáttasemjara skv. gr. 7.1. í samþykktum IHM.

Stjórn IHM ákvað að Ásgerður Ragnarsdóttir landsréttardómari yrði sáttasemjari. Aðildarfélag hafa á þessu stigi skilað inn greinargerðum varðandi kröfur um skiptingu tekna.

Auk deilna um skiptingu fjármuna hefur að auki verið deilt um hversu stórum hluta eigi að skipta af tekjum fyrir endurvarpið og ólínulega notkun. Þau hlutföll sem hingað til hafa gilt eru þannig UBOI (samtök erlendra sjónvarpsstöðva) 36%, SÍK/AGICOA(kvikmyndaframleiðendur)26%, STEF 18% og 20% skiptast á milli nokkurra félaga þar á meðal samtaka innan SFH. Sáttasemjari

9.0 SAMTÓN

9.1. Dagur íslenskrar tónlistar

Eins og undanfarin ár var Dagur íslenskrar tónlistar haldinn hátíðlegur þann 1. desember. Léku íslenskar útvarpsstöðvar því að venju aðlalla íslenska tónlist.

Nemendur úr leik-og grunnskólum víða um land sungu lag dagsins, *Það vantar spýtur*, eftir Ólaf H. Símonarson. Svo mikill fjöldi barna tók þátt í söngnum að fróðir um þessi málefni halda því fram að slíkt hafi ekki gerst áður hér á landi.

Hátíðardagskrá fór fram í Hörpu, en þar voru veittar eftirfarandi viðurkenningar:

- Hvatningarverðlaun ársins hlaut *Korda Samfónía*, fyrir að nýta tónlist og miðla á skapandi hátt til að efla fólk til virkni í samfélaginu.

Skýrsla framkvæmdastjóra

- Þjóðhátíð Vestmannaeyja hlaut „Gluggann“ í ár, fyrir að halda úti metnaðarfullri tónleikadagskrá og stuðla að nýsköpun í formi árlegs „þjóðhátíðarlags“.
- Lilja Dögg Alfreðsdóttir hlaut nýsköpunarverðlaun ársins, fyrir að tala fyrir og koma í framkvæmd lögum um tónlist og fyrstu opinberu tónlistarstefnu landsins, sem og að eiga stóran þátt í að koma á fót Tónlistarmiðstöð Íslands.
- Útflutningsverðlunin hlaut *Iceland Sync*, fyrir að stuðla að útbreiðslu íslenkrar tónlistar, m.a. með því að stefna saman innlendum og fjölþjóðlegum lagahöfundum, upptökustjórum og forleggjurum.
- Heiðursverðlaunin í ár, „Litla fuglinn“, hlaut vefsvæðið *Glatkistan*, sem um alllangt skeið hefur haldið utan um fróðleik og sagnfræðimola um íslenskt tónlistarfólk fyrr og nú. Vefurinn er hugarfóstur og einstaklingsframtak hins fórnfúsa og ástríðufulla tónlistaráhugamanns, *Helga Jónssonar*.
- Að lokum var *Rás 2* verðlaunuð sérstaklega í dag, á 40 ára afmælisdegi stöðvarinnar, en eins og kunnugt er, þá hefur Rásin einatt verið ötul í stuðningi við íslenska tónlist.
-

9.2 ÍSTÓN.

Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) voru afhent í Hörpu þann 12. mars sl. Innsendingum fjölgaði milli ára, sem tvímælalaust mætti túlka sem aukna grósku í íslenskri tónlist. Hér að neðan eru taldir upp nokkrir verðlaunahfar, en sjá má alla verðlaunahafa á heimasíðu verðlaunanna.

Lög ársins þóttu vera *Skína (Patrik og Luigi)* og *Wandering Beings (Guðmundur Pétursson)*.

Laufey Lín, Kristjana Stefánsdóttir og *Jóhann Kristinsson* voru verðlaunuð fyrir „söng ársins“.

Vigdís Hafliðadóttir samdi „texta ársins“ (*Hún ógnar mér*).

Kári Egilsson er „bjartasta vonin“ og heiðursverðlaunin hlaut *Hörður Áskelsson*, organisti og kórstjóri.

„Flytjendur ársins“, hvert í sínum flokki, voru *Sæunn Þorsteinsdóttir, Laufey Lín, Andrés Þór Gunnlaugsson* og *Mugison*

Seltjarnarnesi 14. júní 2023



Gunnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðila í SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma, skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Ég er óháður SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og hef ég uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitt er gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Framkvæmt var einnig eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðferðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metu hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef talinn að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minni. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðunni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 18. júní 2024.




Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

Áritun félagskjörins skoðunarmanns

Til stjórnar og aðila í SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ég undirritaður kjörinn félagslegur skoðunarmaður SFH hef farið yfir ársreikning SFH fyrir árið 2023. Ég tel hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og legg því til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 18. júní 2024.



Björn Th. Árnason
skoðunarmaður

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

SFH var stofnað árið 1973 og fagnaði því 50 ára afmæli á árinu. Megintilgangur samtakanna er að semja um, innheimta, annast umsýslu og úthluta endurgjaldi til listflytjenda og hljómplötuframleiðenda hér á landi þegar hljóðritum þeirra er útvarpað eða þau flutt opinberlega á Íslandi, sbr. 47. grein höfundalaga nr. 73/1972. Samtökin geta einnig innheimt, annast umsýslu og úthlutað annars konar endurgjaldi sem tilheyrir framangreindum rétthafahópum. Hið sama á einnig við um fjármuni sem koma í hlut sömu rétthafahópa þar sem einstaklingsbundinni úthlutun verður ekki við komið.

Í samþykktum SFH kemur fram að SFH er skipt í tvær deildir, listflytjendadeild og framleiðendadeild. Í flytjendadeild eru félög er hafa innan sinna vébanda meðlimi sem eiga í einhverjum mæli réttindi yfir listflutningi á vernduðum hljóðritum sem flutt eru á opinberum vettvangi. Félög listflytjenda í SFH eru Félag íslenskra hljómlistamanna (FÍH) sem eru langstærstu flytjendasamtökin, Félag íslenskra leikara (leikarar og einsöngvarar), Félag íslenskra tónlistamanna (einleikarar klassískrar tónlistar), Samband íslenskra karlakóra, Samband blandaðra kóra og Samband lúðrasveita. Aðild að SFH framleiðendamegin er í gegnum FHF (Félag hljómplötuframleiðenda). Aðild að FHF er bundin við þá sem gefa út hljóðrit sem njóta verndar samkvæmt höfundalögum, en það eru hljóðrit með tónlist frá löndum sem eru aðilar að alþjóðasáttmála um vernd flytjenda og framleiðenda, Rómarsáttmálanum. Í maí 2021 voru aðilar 96 lönd.

Hagnaður ársins nam 205.991.493 kr., eða um 2,2 % meira en árið áður. Flutningsréttartekjur ársins jukust frá fyrra ári um 11,5% og námu 271 mkr. Kostnaðarhlutfall af flutningsréttartekjum nam 30,1% samanborið við 29,8% árið á undan. Heildareignir í árslok námu 335,7 mkr. Skuldbindingar vegna vörslufjárjóða voru 80,8%, vegna annarra skulda 5,1% og eigið fé var 14,1%.

Stjórn og framkvæmdastjóri SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. júní 2023

Í stjórn


Asmundur Jónsson, stjórnarformaður


Gunnar Hrafnsson, varaformaður

Róbert Þórhallsson


Haraldur Leví Gunnarsson

Framkvæmdastjóri


Gunnar Guðmundsson

Sölvi Blöndal



Hrafnhildur Theodórsdóttir



Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Flutningsréttartekjur		271.654.155	243.614.276
Aðrar tekjur	14,3	58.000.600	64.597.938
		<hr/>	<hr/>
		329.654.755	308.212.214
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(39.766.724)	(32.925.946)
Aðkeypt innheimtuþjónusta		(29.934.499)	(26.465.854)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(10.505.365)	(9.463.262)
Annar rekstrarkostnaður		(3.826.346)	(3.771.579)
Sérkostnaður deilda		(6.925.643)	(5.557.321)
		<hr/>	<hr/>
		238.696.178	230.028.252
Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna		(25.000.000)	(17.000.000)
Kostnaður við sérverkefni		(18.253.045)	(14.599.110)
		<hr/>	<hr/>
Rekstrarhagnaður		195.443.133	198.429.142
Fjármunatekjur		10.548.360	3.203.556
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður ársins		<u>205.991.493</u>	<u>201.632.698</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		89.894.665	153.835.222
Handbært fé		245.831.993	201.901.538
		<u>335.726.658</u>	<u>355.736.760</u>
Eignir		<u>335.726.658</u>	<u>355.736.760</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé	10	700.000	700.000
Óráðstafað eigið fé	13	0	0
Varasjóður	11	26.099.762	47.657.160
Stuðningssjóður	12	20.599.149	0
Eigið fé		<u>47.398.911</u>	<u>48.357.160</u>
Vörslufé			
Vörslufé Flytjendadeildar	14,1	189.477.083	221.944.722
Vörslufé Framleiðendadeildar	14,2	60.561.841	68.186.454
Vörslufé vegna IHM tekna v eintakagerð	14,3	21.341.905	5.851.846
		<u>271.380.829</u>	<u>295.983.022</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt vegna úthlutunana		9.953.420	7.313.856
Ýmsar skammtímaskuldir		6.993.498	4.082.722
		<u>16.946.918</u>	<u>11.396.578</u>
Skuldir		<u>288.327.747</u>	<u>307.379.600</u>
Eigið fé og skuldir		<u>335.726.658</u>	<u>355.736.760</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		195.443.133	198.429.142
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		195.443.133	198.429.142
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		63.940.557	(15.410.177)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		5.550.350	(6.966.343)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		264.934.040	176.052.622
Innborgaðir vextir og arður		10.548.360	3.203.556
Handbært fé frá rekstri		275.482.400	179.256.178
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar úthlutanir flytjendadeildar	14,1	(103.479.388)	(100.416.057)
Greiddar úthlutanir framleiðendadeildar	14,2	(85.562.006)	(67.893.390)
Greiddar úthlutanir til aðila að IHM tekjum	14,3	(42.510.551)	(58.746.092)
Inborganir frá systursamtökum		0	545.948
		(231.551.945)	(226.509.591)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		43.930.455	(47.253.413)
Handbært fé í upphafi árs		201.901.538	249.154.951
Handbært fé í lok árs		245.831.993	201.901.538

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda eru innheimtusamtök tónlistarflytjenda og hljómplötuframleiðenda stofnuð með heimild í 47. grein höfundalaga nr. 73/1972

SFH gætir hagsmuna flytjenda og hljómplötuframleiðenda vegna réttinda varðandi þóknun fyrir afnot hljóðrita sem flutt eru í útvarpsstöðvum og annars staðar á opinberum vettvangi svosem í verslunum, veitingahúsum, líkamsræktarstöðvum. SFH semur við útvarpsstöðvar um þóknun til flytjenda og framleiðenda og um notkun tónlistar utan útvarpsstöðva gildir sérstök verðskrá, en innheimta slíkrar þóknunar er í höndum STEF samkvæmt sérstökum samningi við SFH.

SFH - Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili samtakanna að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun á skrifstofu	28.097.050	26.865.782
Stjórnar- og starfslaun	2.470.000	3.241.303
Bifreiðastyrkur og dagpeningar	297.612	1.022.625
	<u>30.864.662</u>	<u>31.129.710</u>
Lífeyrissjóður	3.704.383	3.532.580
Aðrir sjóðir	635.255	405.396
Tryggingagjald	2.062.038	2.036.884
Áunnið orlof, breyting	2.029.786	0
Annar starfsmannakostnaður	470.600	0
	<u>8.902.062</u>	<u>5.974.860</u>
	39.766.724	37.104.570
Þar af launakostnaður vegna "Skráning flytjenda"	0	(4.178.624)
	<u>39.766.724</u>	<u>32.925.946</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	2	2

5. Fjármunatekjur og -gjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	14.819.302	3.277.387
Bankakostnaður og fjármagnsgjöld	(1.010.696)	(73.831)
Fjármagnstekjuskattur	(3.260.246)	0
	<u>10.548.360</u>	<u>3.203.556</u>

Skýringar

6. Skattar

SFH greiðir ekki tekjuskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum sínum. Skattar vegna reikningsársins verða engir umfram það sem SFH hefur þegar greitt sem afdráttarskatt af fjármunatekjum. Fjármagnstekjuskattur vegna áunninna en óinnheimtra fjármunatekna, svo sem af matsbreytingum verðbréfa, er reiknaður og færður sem skuldbinding í ársreikninginn þegar við á.

10. Stofnfé

Upphaflegt stofnfé SFH kr. 700.000 skiptist jafnt á milli flytjenda og framleiðenda.

11. Varasjóður

Varasjóður samanstendur af tillögum af sameiginlegum hagnaði deilda, Flytjendadeildar og Framleiðendadeildar. Á árinu 2023 var samþykkt breyting á varasjóði þess efnis að varasjóðurinn samstandi af framlagi síðustu 3 ára samanlagt í stað 4 ára áður, en að hætt verði að færa árlega í sjóðinn nema aðalfundur samþykki sérstaklega tillögu um framlag í sjóðinn skv. heimild í 9 grein samþykktar SFH. Vegna þessarar breytinga er ekkert framlag fært í sjóðinn á árinu en úr honum færð til baka tillög sem eru eldri en 3 ára, þ.e. tillög árána 2019 og 2020. Í árslok samanstendur varasjóðurinn því af tillögum árána 2021 og 2022.

	2023	2022
Varasjóður í ársbyrjun	47.657.160	43.945.160
Varasjóðstillag ársins	0	14.503.301
Ráðstöfun úr varasjóði	(21.557.398)	(10.791.301)
	<u>26.099.762</u>	<u>47.657.160</u>

12. Stuðningssjóður

Á aðalfundi 2023 var samþykkt að setja á stofn sjóð til stuðnings tónlistarflutnings og framleiðslu hljóðrita. Sjóðurinn hefur heitið Stuðningssjóður. Skv. 2.gr. samþykktar SFH getur framlag í hann numið 10% af ráðstöfunartekjum þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá. Heimilt verður einnig að nota þennan sjóð sem varasjóð ef aðstæður eru með þeim hætti að mati aðalfundar.

	2023	2022
Stuðningssjóður í ársbyrjun	0	0
Stuðningssjóðstillag ársins skv samþykktum	20.599.149	0
	<u>20.599.149</u>	<u>0</u>

13. Óráðstafað eigið fé

Til ráðstöfunar:

	2023	2022
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun	0	0
Hreinar tekjur ársins	205.991.493	201.632.698
Innleyst úr varasjóði fyrri ára	21.557.398	10.791.301
Til ráðstöfunar.....	<u>227.548.891</u>	<u>212.423.999</u>

Ráðstöfun:

Ráðstafað til Vörslusjóðs v. eintakagerðar	(58.000.600)	(64.597.938)
Tillag í Varasjóð	0	(14.503.301)
Tillag í Stuðningssjóð skv samþykktum	(20.599.149)	0
Ráðstafað til Flytjendadeildar	(71.011.749)	(97.435.276)
Leiðrétt vegna vörslusjóðs 3, IHM v eintakagerð		32.298.969
Ráðstafað til Framleiðendadeildar	(77.937.393)	(100.485.422)
Leiðrétt vegna vörslusjóðs 3, IHM v eintakagerð		32.298.969
Ráðstafað alls.....	<u>(227.548.891)</u>	<u>(212.423.999)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar

Skipting milli deilda:

Tekjur sem SFH móttækur sameignlega frá IHM sem úthlutun, fh. FÍH, FHF og FÍL skv. gerðardómi, eru bókaðar meðal annarra tekna og þar af leiðandi hluti af hagnaði ársins. Þessum IHM tekjum er hins vegar skipt skv. sérstöku samkomulagi með öðrum hætti en með jafnri skiptingu milli Flytjendaeildar og Framleiðendaeildar, óskiptum og án bóknunar til SFH. Vegna þessa er þessi liður færður sem sér ráðstöfun eigin fjár til sjálfstæðs vörslusjóðs vegna IHM teknanna (sjá skýringu 14.3), áður en kemur til helmingaskipta hagnaðar ársins að frádregnum framangreindum tekjum. Í ársreikningi fyrra árs var þessi sérráðstöfun ekki færð áður en helmingaskipti voru á hagnaði ársins voru bókuð í ársreikningi. Leiðrétting varðandi 2022 vegna þessa er gerð á árinu 2023. Sambærileg leiðrétting hefur verið gerð á samanburðarfjárhæðum fyrra árs til samræmis við framangreint.

	Framleiðendaeild		Flytjendaeild	
	2023	2022	2023	2022
Til ráðstöfunar:				
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun	0	0	0	0
Hreinar tekjur fyrir sérgr. kostnað	77.458.268	103.595.010	77.458.268	103.595.010
Leiðrétt um hlutdeild Vörslusjóðs 3		(32.298.969)		(32.298.969)
Sérgreindur kostnaður deilda	0	(1.253.587)	(6.925.643)	(4.303.734)
	<u>77.458.268</u>	<u>70.042.454</u>	<u>70.532.625</u>	<u>66.992.307</u>
Innleyst úr varasjóði fyrri ára	10.778.699	5.395.651	10.778.699	5.395.651
	<u>88.236.967</u>	<u>75.438.104</u>	<u>81.311.324</u>	<u>72.387.957</u>
Ráðstöfun:				
Tillag í Varasjóð	0	(7.251.651)	0	(7.251.651)
Ráðstafað til Flytjendaeildar			(71.011.749)	(97.435.276)
Ráðstafað til Framleiðendaeildar	(77.937.393)	(100.485.422)		
Leiðrétt um hlutdeild Vörslusjóðs 3		32.298.969		32.298.969
Tillag í Stuðningssjóð skv samþykktum	(10.299.575)	0	(10.299.575)	0
	<u>(88.236.968)</u>	<u>(75.438.104)</u>	<u>(81.311.324)</u>	<u>(72.387.958)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok	0	0	0	0

Skýringar

14. Vörslufé

Vörslufé Úthlutunarsjóða SFH er í eðli sínu viðskiptareikningur yfir úthlutanir annars vegar og greiðslur þeirra hins vegar. Samkvæmt samþykktum og lögum ætti Úthlutunarsjóður að tæmast með útgreiðslum fyrir septemberlok á árinu í kjölfar tekjuársins. Vörslufé Úthlutunarsjóðs er aðgreint milli Framleiðendadeildar, Flytjendadeildar og vegna IHM tekna tengdum eintakagerð.

14.1. Vörslufé 1 - Úthlutunarsjóður flytjendadeildar

	2023	2022
Vörslufé Flytjendadeildar í ársbyrjun	221.944.722	256.678.524
Úthlutun skv ákvörðun aðalfundar	71.011.749	97.435.276
Þa. flutt í Vörslusjóð 3		(32.298.969)
Greiðslur erlendis frá vegna innlendra flytjenda	0	545.948
Úthlutað til innlendra flytjenda	(44.023.629)	(137.051.661)
Þa. flutt í Vörslusjóð 3		42.123.886
Úthlutað til erlendra flytjenda	(70.647.333)	(5.488.282)
Ógreiddar úthlutanir ársins	11.191.574	0
Flytjendadeild, vörslufé.....	189.477.083	221.944.722

14.2. Vörslufé 2 - Úthlutunarsjóður Framleiðendadeildar

Vörslufé Framleiðendadeildar í ársbyrjun	68.186.454	67.893.391
Úthlutun skv ákvörðun aðalfundar	77.937.393	100.485.422
Þa. flutt í Vörslusjóð 3		(32.298.969)
Greitt til framleiðenda	(85.562.006)	(84.515.596)
Þa. flutt í Vörslusjóð 3		16.622.206
Framleiðendadeild, vörslufé.....	60.561.841	68.186.454

14.3. Vörslufé 3 - Úthlutunarsjóður IHM tekna tengdum eintakagerð

Vörslufé vegna eintakagerðar í ársbyrjun	5.851.856	0
Hlutdeild í IHM tekjum á árinu	58.000.600	64.597.938
Hlutdeild greidd til FÍL	(17.828.925)	(20.623.848)
Hlutdeild greidd til Menningarsjóðs FÍH	(12.340.813)	(21.041.235)
Hlutdeild greidd til FHF	(12.340.813)	(16.622.206)
Greitt til annarra	0	(458.803)
Framleiðendadeild, vörslufé.....	21.341.905	5.851.846
Vörslufé samtals í árslok	271.380.829	295.983.022

Vörslufé vegna úthlutunar frá IHM vegna eintakagerðartekna skiptist á milli aðildarfélaganna FÍL, FÍH og FHF, skv. sérstöku samkomulagi tengt gerðardómi um skiptingu þessarra tekna hjá IHM. Innheimtar tekjur, sem miðast við samþykktar úthlutanir IHM á reikningsárinu, úthlutast beint og óskert til félaganna.

Skýringar

15. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Tekjur frá útvarps- og sjónvarpsstöðvum fyrir notkun á íslenskum markaðshljóðritum á tekjuárinu eru tekjufærðar í samræmi við samninga þar að lútandi. Tekjur utan útvarpsstöðva eru byggðar á gjaldsskrá SFH og samningum við einstaka notendur.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Skattamál

Samtökin eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi. Fjármagnstekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir skattstofnum fjármunatekna og skatthlutfallið er 22%.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.